



Heilbrigðisráðuneytið

Reykjavík, 21. desember 2021

VEL2021120016

### **Efni: Áform um frumvarp til nýrra sóttvarnalaga.**

Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt til samráðs áform um lagasetningu sem samin eru af starfshópi heilbrigðisráðherra sem falið er að skrifa drög að frumvarpi til heildarlaga um sóttvarnir. Tilgangur frumvarpsins er m.a. að endurskoða stjórnsýslu sóttvarna. Þá er lögð til breyting á því hvernig opinberar sóttvarnaráðstafanir eru ákvarðaðar. Þá eru gerðar breytingar í þeim tilgangi að gera löginn aðgengilegri og skýrari auk þess að skýra frekar hlutverk helstu aðila innan stjórnsýslunnar. Að lokum er lagt til að sóttvarnaráð verði lagt niður og að verkefni þess flytjist til farsóttanefndar, sóttvarnalæknis og ráðherra.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar sérstaklega tillögu um aukið samráð sem felst í því að verkefni sóttvarnaráðs færast til fjölskipaðrar farsóttanefndar, sóttvarnalæknis og ráðherra. Eitt af hlutverkum sveitarfélaga er þjónusta við fatlað fólk og aldraða. Reynslan hefur leitt í ljós að opinberar sóttvarnaráðstafanir hafa haft slæmar afleiðingar fyrir framangreinda hópa, t.d. aukinn einmanaleiki. Einnig hefur borið á því að einstaklingar hafi afþakkað þjónustu vegna hræðslu við að smitast. Þá hefur komið upp alvarleg staða vegna covid smita í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Umræddir íbúðakjarnar eru heimili þeirra einstaklinga sem þar búa og þeim er ekki hægt að loka þó íbúar og/eða starfsmenn smitist. Þessi staða hefur reynt verulega á velferðarþjónustu sveitarfélaganna enda eru þeir þjóðfélagshópar sem sinnt er af velferðarþjónustu sveitarfélaga oftast skilgreindir sem viðkvæmir hópar og þarf að veita þeim sérstaka athygli. Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að velferðarþjónusta sveitarfélaga komi með beinum hætti að virku samráði vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Ennfremur er ákveðinn hópur jaðarsettra einstaklinga, s.s. vegna heimilisleysis, mjög viðkvæmur fyrir ýmsum sóttvarnaráðstöfunum, t.d. lokun matarúthlutana. Þá getur einnig reynst erfitt að fá umræddan hóp til samstarfs um smitvarnir og bólusetningar.

Í núgildandi lögum er hugtakið *velferðarþjónusta* ekki nefnt sérstaklega. Finna þarf *velferðarþjónustu* stað í sóttvarnalögum líkt og gert er í lögum nágrannalanda Íslands. Innan sveitarfélaga er lögð áhersla á samþættingu velferðarþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu sem oftast er veitt af heilsugæslustöðvum með þeirri undantekningu að Reykjavíkurborg sér um rekstur heimahjúkrunar fyrir sína íbúa. Er því lagt til að í nýjum

sóttvarnalögum verði *velferðarþjónusta* nefnd um leið og heilbrigðisþjónusta, þ.e. heilbrigðis- og velferðarþjónusta (*e. health and social issues*).

Samkvæmt 5. gr. núgildandi sóttvarnalaga nr. 19/1997 er það hlutverk sóttvarnalæknis að gefa út leiðbeiningar um viðbrögð við farsóttum og í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur ástæðu til að nefna sérstaklega velferðarþjónustu sem aðila sem mikilvægt er að skrái og skili viðbragðsáætlun vegna farsóttá og uppfæri reglulega.

Að lokum er mikilvægt að finna rýni opinberra sóttvarnaráðstafana stað í nýjum sóttvarnalögum þannig að rýni ráðstafana fari fram þegar faraldri er lokið auk þess sem mikilvægt er að rýna einstaka þætti þó faraldur sé yfirstandandi (*After action review* og *In action review*). Rýni opinberra sóttvarnaráðstafana ætti að vera eitt af verkefnum fjölskipaðrar farsóttanefndar.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,



Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar